



Mánudagur 10. Júní 2024.

Fjölsmiðjan á höfuðborgarsvæðinu.

Minnisblað til bakhjarla Fjölsmiðjunnar :

Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

VMST.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið

Mennta- og barnamálaráðuneytið

Það er mikil þörf fyrir úrræði Fjölsmiðjunnar og eftirspurnin mikil. Nú eru um 30 einstaklingar á biðlista. Árið 2023 voru 165 nemar í Fjölsmiðjunni og 44 fóru í nám og eða vinnu í fyrra.

Undanfarin 6 ár höfum við aukið vægi náms og lífsleiknifræðslu samhliða vinnu í Fjölsmiðjunni. Við erum nú viðurkenndur framhaldsfræðsluaðili og nemar hafa því möguleika á námseiningum samhliða vinnu.

Þriggja ára samkomulag við bakhjarla rennur út á þessu ári. Þörf er á að endurnýja samkomulagið til að tryggja framtíð Fjölsmiðjunnar og treysta stuðning við nema hennar.

Núverandi leigusamningur á húsnæði Fjölsmiðjunnar sem var til 15 ára rennur út 31. Jan 2025. Til þess að halda forleiguréttinum til næstu 5 ára þá þurfum við að óska eftir því fyrir lok júlí mánaðar 2024 eða með 6 mánaða fyrirvara.

Miðað við markaðsaðstæður á leigumarkaði í dag þá eru allar líkur á því að leigan hækki um rúmlega 40 % skv. viðræðum við leigusalann. Sem þýðir um 22 m.kr. m.vsk. hækkun á leigunni á ári. Það er nokkuð ljóst að Fjölsmiðjan getur ekki fjármagnað þessa hækkun ein og óstudd.

Það mun kosta tugir milljóna kr. að flytja Fjölsmiðjuna í nýtt húsnæði og ólíklegt að leiguverð gæti orðið lægra en núverandi framhaldsleigu tilboð leigusalans, 2700 kr. án vsk. Hugmyndin er að búa til viðauka við núverandi leigusamning en þar kemur m.a. fram að aðildarfélag SSH ábyrgist 40 % leigunnar. Að öllu óbreyttu stefnir í um 20 m.kr. tap á rekstrinum á næsta ári 2025.

Ýmsar áskoranir Fjölsmiðjunnar :

Takast á við mikla aðsókn / þörf á stuðningi við nema, stækkun úrræðisins.

Yngri einstaklingar að sækja um í auknu mæli, 9. og 10. bekkur.

Hröð aukning einstaklinga af erlendum uppruna er krefjandi með einstaklingsmiðaða nálgun í huga.

Auka gæði þjónustunnar (færni- / ferilmöppur) og að hún verði einstaklings- og fjölskyldumiðaðri í samráði við félagsþjónustuna.

Íslenskukennsla fyrir alla.

Aukin fræðsla um aðlögun að íslensku samfélagi fyrir alla. (jákvæð viðhorfs þjálfun)

Að finna leiðir byggð á rannsóknum sem stuðla að fleiri farsælum ákvörðunum okkar allra.

Að finna leiðir til að sannfæra hagsmunaaðila til að styðja við jákvæða þróun og uppbyggingu Fjölsmiðjunnar til lengri tíma.

Virðingarfyllst,

f. hönd stjórnar Fjölsmiðjunnar

Ellen J. Calmon

Sturlaugur Sturlaugsson forstöðumaður.